



Hreppsnefnd 18.12.08

Hreppsnefndarfundur haldinn fimmtudaginn 18. des. 2008 í félagsheimilinu Miklagarði kl. 16.00

Mætt til fundar: Aðalbjörn Björnsson, Anna Pála Víglundsdóttir, Björn Halldórsson, Halldóra S. Árnadóttir, Ólafur K. Ármannsson, Kristín H. Reynisdóttir, Þórdís Þorbergsdóttir.

Einnig mættir: Þorsteinn Steinsson, sveitarstjóri, og Magnús Már Þorvaldsson, er ritaði fundargerð.

Dagskrá:

1. mál Fundargerð hreppsnefndar frá 11. des. sl.
Lögð fram fundargerð hreppsnefndar frá 11. des. sl.
Fundargerðin síðan samþykkt samhljóða.

2. mál Fundargerð byggingar- og skipulagsnefndar frá 15. des. sl.
Lögð fram fundargerð byggingar og skipulagsnefndar frá 15. des. sl.
Hreppsnefnd samþykkti síðan fundargerðina samhljóða.

3. mál Álagning útsvars 2009, breyttar forsendur

Lagt fram bréf Sambands ísl. sveitarfélaga þar sem greint er frá frumvarpi ríkisstjórnarinnar, sem er til afgreiðslu á Alþingi, þar sem heimila á að hámarksálagning útsvars hækki um 0,25 prósentustig þ. e. úr 13,03% í 13,28 %.

Hreppsnefnd Vopnafjarðarhrepps samþykkti á fundi sínum 27. nóv. sl. að við álagningu útsvars á árinu 2009 myndi sveitastjórn nýta sér heimild til að leggja á leggja á hámarksútsvar 13,03 %.

Gerð var grein fyrir fyrirbyggjandi frumvarpi ríkisstjórnarinnar og hvaða áhrif það getur haft verði það að lögum eins og áætlað er. Í framhaldi var lögð fram svofelld tillaga:

„Verði frumvarp ríkisstjórnarinnar um að hámarksútsvar megi vera 13,28 % í stað 13,03 %, samþykkir hreppsnefnd Vopnafjarðarhrepps að nýta sér nýja heimild um hámarksútsvar. Hámarksútsvar á Vopnafirði verði því 13,28 % af álagningarstofni í stað 13,03 %“

Fyrirliggjandi tillaga var síðan samþykkt samhljóða.

4. mál Álagning fasteignagjalda 2009-Tillaga-

Lögð fram svofelld tillaga að álagningu fasteignagjalda:

„Álagning fasteignagjalda 2009 verður ákveðin með eftirfarandi hætti.

I. Hreppsnefnd Vopnafjarðar samþykkir að fasteignagjöld fyrir árið 2009 verði lögð á sem hér segir:

a) Fasteignaskattur á:

- 1) Íbúðarhúsnæði og bújarðir. 0,4 % af heildarfasteignamati
- 2) Atvinnuhúsnæði og annað húsnæði. 1,65 % af heildarfasteignamati
- 3) Sjúkrastofnanir, skólar, heimavistir, leikskólar, íþróttahús og bókasöfn 1,32 % af heildarfasteignamati

b) Vatnsgjald og holræsagjald:

1. Vatnsgjald nemi 0,28 % af fasteignamati húss.

• Aukavatnsgjald skv. mæli verði kr. 26 fyrir hvern rúmmetra vatns.

2. Holræsagjald nemi 0,15 % af heildarfasteignamati.

c) Lóðarleiga

Lóðarleiga verði 2,0 % af fasteignamati allra lóða á Vopnafirði.

Gjald dagar fasteignagjalda 2009 verða þeir 15. febrúar 15. mars, 15. apríl, 15. maí, 15. júní, 15. júlí, 15. ágúst og 15. september. Eindagi verði 30 dögum síðar.

Athugið! Ef fjárhæðir til innheimtu eru lágar er þeim ekki dreift á átta gjaldaga, heldur færri.

Hreppsnefnd heimilar með stoð í 4. mgr. 5. gr. laga um tekjustofna sveitarfélaga að fella niður fasteignaskatt elli- og örorkulífeyrisþega af eigin íbúð á eftirfarandi hátt. Niðurfelling fasteignaskatts skal vera tekjutengd. Tekjuviðmiðun eru árstekjur 2008 skv. skattframtali 2009:

a) Einstaklingar:

Brúttótekjur 2008 allt að kr. 1.849.357 100% niðurfelling

Brúttótekjur 2008 allt að kr. 2.562.258 50 % niðurfelling

b) Hjón:

Brúttótekjur 2008 allt að kr. 2.740.791 100 % niðurfelling

Brúttótekjur 2008 allt að kr. 3.053.533 50 % niðurfelling

Við fráfall maka eða sambyltings skal fasteignaskattur af íbúðarhúsnæði, sem fjölskylda hins látna/hinnar látnu á og býr í, felldur niður að fullu fyrsta árið en að hálfu annað árið eftir fráfall.

Búi fullvinnandi einstaklingur eða hjón inni á heimili ellilífeyrisþega fellur fasteignaskattur ekki niður. Hafi veruleg tekjulækkun orðið hjá ellilífeyrisþega milli árána 2008 og 2009 hefur hreppsnefnd heimild til að taka tillit til þess við niðurfellingu fasteignaskatts, berist umsókn um slíkt.

Sömu reglur skulu gilda um niðurfellingu fasteignaskatts hjá öryrkjum með fulla örorku.

Falli aðstæður ekki undir þær reglur sem að framan greinir skal hreppsnefnd ákveða um lækkun eða niðurfellingu.

II. Hreppsnefnd Vopnafjarðar samþykkir á grundvelli laga nr. 81./ 1988 IV. kafla 22. gr., að leggja á sérstakt sorphirðu og sorpeyðingargjald á hverja íbúð á Vopnafirði á árinu 2009. Gjaldið skal vera kr. 10.500 á íbúð. Sorphirðugjöld fyrirtækja hækki um sama hundraðshluta. Innheimta skal gjaldið með fasteignagjöldum og eru gjald dagar þeir sömu.“ Samþykkt með 6 atkvæðum, einn sat hjá.

Sveitarstjóri gerði grein fyrir tillögum.

Tillagan síðan samþykkt samhljóða.

5. mál Fjárhagsáætlun Vopnafjarðarhrepps fyrir árið 2009 A- og B- hluta.

–Síðari umræða-

Fyrri umræða fjárhagsáætlunar var tekin fyrir á fundi hreppsnefndar 11. des. sl. Við síðari umræðu fjárhagsáætlunar hér í dag er lögð fram greinargerð sveitarstjóra við fjárhagsáætlun A- og B-hluta Vopnafjarðarhrepps dags. í dag, 18. des. 2008. Jafnframt lagðar fram breytingartillögur við fyrirliggjandi frumvarp að fjárhagsáætlun, sem unnar hafa verið af sveitarstjóra í samvinnu við forstöðumenn deilda og stofnana. Jafnframt lagður fram rekstrarreikningur, rekstraryfirlit, sjóðstreymi ásamt efnahagsreikningi að teknu tilliti til framlagðra breytingartillagna.

Sveitarstjóri gerði grein fyrir framlögðum gögnum og las upp greinargerð sína við fjárhagsáætlun. Í máli hans kom m. a. fram að:

Restrarreikningur samstæðureiknings sveitarfélagsins fyrir A -og B verði gerður upp með 24,3 m. kr. hagnaði á árinu 2009. Í sjóðstreymi kemur í ljós, þegar tekið hefur verið tillit til afskrifta, verðbóta, söluhagnaðar og annarra reiknaðra stærða að veltufé frá rekstri verður 102,0 m. kr.

Þetta fé rennur til fjárfestinga sem alls eru áætlaðar 25.000 m. kr. nettó. Hér er einungis tekin frá fjárhæð sem ekki hefur verið skipt til þess að greiða upp framkvæmdir sem eru á lokastigi. Sérstakar ákvarðanir verða teknar um ráðstöfun þessa fjár síðar. Ráðgert er að selja eignir að markaðsvirði 98,7 m.kr. Fjárfestingarhreyfingar nettó eru því jákvæðar um 73,7 m. kr. Þegar hér er

komið sögu í sjóðstreyminu eru því eftir fjármunir að fjárhæð 175,7 m. kr. sem ganga munu til uppgreiðslu á fjármögnunarahreyfingum. Reiknaðar afborganir sveitarfélagsins vegna þess lánamassa sem til staðar er eru 82 m. kr., en hér er jafnframt tekin frá fjárhæð til sérstakrar niðurgreiðslu á lánum að fjárhæð um 81 m. kr. Alls er því gert ráð fyrir að lán verði greidd niður um 163 m. kr. Í þessari áætlun er ekki gert ráð fyrir að nein ný lán verði tekin á árinu.

Að teknu tilliti til alls þessa er ráðgert að handbært fé í árslok hækki um 12,7 m.kr. og verði 30,4 m. kr., náist að gera allt það sem áætlað er að gera samkvæmt fyrirbyggjandi fjárhagsáætlun A -og B- hluta sjóða fyrir árið 2009.

Í heild er óhætt að segja að fjárhagsáætlun A- og B hluta sjóða Vopnafjarðarhrepps taki mið af þeirri slagsíðu sem er á þjóðarbúinu. Í áætluninni er lögð höfuðáhersla á að sinna allri grunnþjónustu sveitarfélagsins eins vel og nokkur kostur er. Framkvæmdir eru lágmarkaðar og í raun má segja að þær séu stöðvaðar; einungis er áætlað fjármagn til þess að ljúka samningum sem ekki er hægt að stöðva. Með samvinnu við forstöðumenn deilda og stofnanna hefur verið reynt að hagræða sem kostur er í rekstri. Þessi vinna mun leiða til sparnaðar á komandi ári án þess að unnið sé eftir flötum niðurskurði útgjalda í heild.

Í þessu tilliti er áætlað að reyna að selja þær rekstrareiningar sem sveitarfélagið þarf ekki nauðsynlega að eiga til þess að sinna grunnþjónustu. Hér er verið að tala um hlutabréf, jarðir, félagslegar íbúðir, hótél og fleiri eignir sem myndu losa fjármagn og rekstrarkostnað til framtíðar. Takist vel til í þessum efnum er ráðgert að greiða skuldir mun hraðar niður en útreiknaðar afborganir sveitarfélagsins gera ráð fyrir. Ekki er áætlað að taka nein ný lán á næsta ári.

Að lokum þakkaði hann þeim fjölmörgu sem komu að vinnu áætlunarinnar fyrir gott samstarf og kallaði eftir góðu samstarfi áfram á árinu sem framundan er.

Í framhaldi af yfirferð sinni lagði sveitarstjóri til að framlagðar breytingartillögur við síðari umræðu ásamt rekstaryfirliti og sjóðsstreymi yrðu samþykktar.

Í umræðum um áætlunina var lögð áhersla á mikilvægi þess að áætlunin yrði skoðuð og yfirfarin á þriggja mánaða fresti í sveitarstjórn og endurskoðun ætti sér stað á miðju ári..

Oddviti lagði síðan fram svofellda tillögu: „ Vegna sparnaðar- og aðhaldsaðgerða í rekstri sveitarfélagsins sýni sveitarstjórnarmenn það í verki með því að þóknun þeirra fyrir setu í sveitarstjórn lækki um 10% frá og með 1. janúar 2009. Jafnframt verði sérsamningar einstakra starfsmanna teknir til skoðunar með það að markmiði að minnka kostnað vegna yfirvinnu og annarra aukagreiðslna.“

Vék oddviti jafnframt að því að mikilvægt væri að meta og taka afstöðu til einstakra eigna sveitarfélagsins svo sem í hlutabréfum og jarðeignum með það í huga hvort hagkvæmara sé að selja eignirnar og greiða niður skuldir. Var ákveðið að fjalla um þessi mál á nýju ári.

Hreppsnefnd samþykkti síðan samhljóða fyrirbyggjandi tillögu oddvita um lækkun launa sveitarstjórnarmanna.

Framlagðar breytingartillögur við fjárhagsáætlun Vopnafjarðarhrepps 2009 A-og B-hluta voru síðan samþykktar samhljóða og þar með fjárhagsáætlun Vopnafjarðarhrepps svo breytt.

6. mál. Lánasjóður sveitarfélaga lánsumsókn og afgreiðsla

Lagt fram bréf Lánasjóðs sveitarfélaga dags. 15. des. sl. þar sem tilkynnt er að framkvæmdastjóra sjóðsins er veitt heimild til að lána Vopnafjarðarhreppi lán að fjárhæð allt að 80 milljónir til allt að 16 ára. Þar af skal 35 milljónum varið til að endurfjármagna skammtímalán við Lánasjóðinn. Skilyrði er að lántaki setji tekjur sínar að veði fyrir láninu.

Í bréfi sjóðsins kemur einnig fram að sjóðurinn getur að öllum líkindum ekki greitt lánið út fyrr en á árinu 2009.

Samþykkt þessi er í samræmi við bréf sveitarfélagsins til sjóðsins dags. 17. nóv. sl.

Sveitarstjóri gerði grein fyrir málinu og lagði fram svofellda tillögu:

„Samþykkt að veita sveitarstjóra heimild til þess að ganga frá lánasamningum til samræmis við bréf Lánasjóðs sveitarfélaga dags. 15. des. 2008, á þeim bestu kjörum sem Lánasjóður sveitarfélaga býður. Sveitarstjóri hefur fulla heimild til þess að undirrita öll nauðsynleg skjöl í því sambandi.“

Fyrirbyggjandi tillaga samþykkt samhljóða.

7. mál. Ýmis bréf og erindi.

a) Bréf SSA dags. 5. des. sl. varðandi framlög sveitarfélaga.

Lagt fram til kynningar.

b) Tafla yfir úthlutun á framlagi vegna tímabundins aflasamdráttar í þorskafla 2008.

Lagt fram til kynningar.

Fleira ekki tekið fyrir, fundi slitið kl. 17:30